

Orkustofnun,
Bryndís Guðrún Roberts dóttir

Garðabær, 21. maí 2019
2019040044/42-0
TB, SBR
tb

Umsókn Kubbs ehf. um leyfi til töku á möl og sandi af hafslotni í Polli í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp, umsögn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 26. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kubbs ehf. um leyfi til töku á 10.000 rúmmetrum af möl og sandi af hafslotni í Skutulsfirði, Pollinum, við Ísafjarðardjúp.

Eins og kemur fram í gögnum málsins er efnistökusvæðið sem sótt eru fast við svæði á náttúruminjaskrá nr. 317. *Fjörur í botni Skutulsfjarðar, Ísaffjarðarkaupstað. (1) Fjörur í botni Skutulsfjarðar frá ósi Tunguár að vestan að syðri enda flugvallar á Skipeyri að austan. (2) Víðáttumiklar, lífaudugar leirur, mikið fuglalíf.* Agnar Ingólfsson (1984) benti á mikilvægi svæðisins, bæði sem fæðuöflunarsvæði en einnig vegna þess að leirur af þessari stærð eru sjaldgæfar á svæðinu. Vistgerðin, leirur <https://ni.is/greinar/leirur>, er á lista Bernarsamningssins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar. Leirur falla einnig undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem fjallar um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl. Það er því ljóst að gæta þarf sérstakrar varúðar ef heimila á efnistöku á svæðinu sem hugsanlega hefur áhrif á leirusvæðið. Dæling á efni og meðfylgjandi grugg getur haft áhrif á vistfræðilega ferla og lífríki í leirunni. Bein truflun vegna efnistöku getur einnig haft áhrif t.d. truflað fæðuatferli fugla. Í gögnum kemur fram að gengið er út frá því að botndýralíf sé fábreyttara utar í Pollinum en innar – byggt á skýrslu frá NAVI (2011) en þar voru sýni tekin á framkvæmdarsvæðinu en þau ekki greind eftir því sem fram kemur í skýrslunni. Því er óvarlegt að áætla nokkuð um botndýrafánu á framkvæmdarsvæðinu fyrr en þau sýni hafa verið greind.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er varsamt að heimila efnistöku á þessu svæði án þess að það sé undir ströngu eftirliti bæði hvað varðar magn efnis og að áhrif efnistökunnar verði vöktuð bæði m.t.t. leirunnar og lífríkis hennar en einnig m.t.t. strandrofs. Jaðar efnistökusvæðisins er nálægt fæðuöflunarsvæði fugla og svo virðist af gögnum málsins að óvist sé hvað mikið sé af efni á svæðinu. Í tölvupósti til Orkustofnunar frá 20. júlí 2017 er efnistökusvæði sýnt og liggar það næst leirunum á milli 3,8 m og 9,4 m dýptarlínu. Siglingastofnun hefur lagt til að efnistaka fari aðallega fram á 10 m dýpi og ekki minna en 5 m dýpi og ekki farið dýpra en 2 m ofan í botn. Náttúrufræðistofnun leggur til að efnistaka verði ekki heimiluð innan 9,4 m dýptarlínu, aðeins



verði heimilað að taka 10.000 rúmmetra af efni, lífríki fjörunnar verði vaktað (áhrif gruggs, fuglalíf og líf í leirunni sjálfri) og strandrof verði einnig vaktað. Verði sjáanleg/mæld neikvæð áhrif á leiruna verði heimildir í starfsleyfi til að stöðva efnistökuna.

Heimildir:

Agnar Ingólfsson 1984. Athuganir á fjörum Skutulsfjarðar og annarra fjarða við Ísafjarðardjúp. Unnið fyrir Ísafjarðarkaupstað. Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. 7 bls.

Böðvar Þórisson, Cristian Callo og Þorleifur Eiríksson 2011. Botnsýnataka í botni Álfta- og Skutulsfjarðar 5. Apríl 2011. Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík. 4 bls.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

